



Nýársávarp
forseta Íslands
Kristjáns Eldjárns
1. janúar 1973

Góðir áheyrendur.

Tólf eru á ári tunglin greið, segir í gamalli íslenskri vísu, til ber að þrettán renni, sólin gengur sína leið svo sem guð bauð henni. Þetta er rímuð minnisgrein um tímamann, ein af mörgum, hvernig honum vindur fram óumbreytanlega. Þess háttar gamlir þokkafullir smámunir rifjast upp um áramót. Fyrir mér rifjast það einnig upp að um þetta leyti árs fyrir fjórum árum beindist meiri athygli að þessu góða gamla tungli en nokkurn tíma áður síðan guðirnir sköpuðu það og vörpuðu því upp á himin til þess að mennirnir gætu talið tímann, eins og skáld og spekingar fornaldar hugsuðu sér. Mönnum hafði þá tekist að fara kringum tunglið og heim aftur til jarðar. Og þess var þá ekki heldur langt að bíða að uppfylltist gamall draumur og spádómur um að mönnum auðnaðist að stíga fæti á tunglið sjálft. Milljónir manna um allan heim fylgdust einhuga með þessum atburði, og það var ekki síður áhrifaríkt en tækniundrið, mánalendingin sjálf. Margir létu sér þó fátt um finnast þessi stórmerki og sögðu að annað væri meira aðkallandi en að þjóta til annarra hnatta, hinum fjölmennu og völdugu þjóðum heims væri nær að beita ofurkröftum sínum að því að gera lífið þolanlegra hér á jarðhnetti vorum en að þreyta kapphlaup um tunglferðir. Öðrum þótti þetta dásamlegasta ævintýri vorra tíma. Nú eru menn einu sinni enn komnir úr langri ferð til tunglsins. Enn hafa nokkrir menn átt þess kost að horfa á alla jörðina í sama svip, þennan litla hnött, sem svífur í óendanlegum geimnum, reikistjörnuna bláu eða geimskipið Jörð, með sína mörgu og sundurþykku farþega um borð. Með augum geimfaranna horfum vér hinir einnig á þessa sömu sýn, og hún ætti að glæða tilfinninguna fyrir því að jörðin er ein og mannkynið er eitt, eins og áhöfn á skipi, og getur þá og þegar staðið andspænis tveimur kostum, að koma sér saman eða farast ella. Það er ekki um fleiri gististaði að ræða, eins og Tómas Guðmundsson kvað þegar fyrir löngu. Ef tala má um einhvern boðskap eða heimspeki geimrannsókna og tunglferða, þá er það þetta, og það er ekkert lítið.

Ekki veitir af að halda til haga þeim vonarneistum, sem hægt er að koma auga á mitt í öllum þeim hrakspám um framtíð manns og heims, sem yfir dynja sýknt og heilagt. Þær eru að vísu ekki nein tilbúin grýla, Damoklesarsverðið vofir yfir, en þess sjást lík greinileg merki að mannkynið er að snúast til varnar gegn þeim eyðingaröflum, sem ógna heimkynni þess, jörðinni. Þetta sést best af því tákni vorra tíma, sem nefnist umhverfisvernd í víðasta skilningi, það er verndun náttúrunnar í sínum margbreytilegu og samstilltu myndum, sem gerir jörðina að lífvænlegum bústað, og verndun mannaverka og minja fyrri kynslóða, sem gera hana að skemmtilegri og fjölbreytilegri bústað. Þetta á allt að haldast í hendur. Annars skal ég ekki fjölyrða um þetta efni, sem allir eru að tala um alls staðar, og það eins fyrir

Því þótt það sé fullkomlega mín skoðun að þetta sé mesta stórmál jarðarbúa og muni síðar meir verða talin heimssöguleg hreyfing á sama hátt og sitthvað annað, sem látið er skipta mannkynssögunni í tímabil. Það verður talað um hina vistfræðilegu vakningu á tuttugustu öld.

Sá er og draumur margra góðra manna, að einnig verði hægt að tala um friðarsókn eða friðarvakningu mannkynsins á seinni hluta tuttugustu aldar, enda væri sú vakning mjög nákominn hinni vistfræðilegu vakningu. Það er að vísu ekki ráðlegt að reyna að gera sig að spámanni, og verða þá kannski fyrir en varir orðinn skýjaglópur í staðinn. En það er eðlilegt að beina huganum að því nú við áramót, að liðna árið hefur verið viðburðaríkt á marga lund á sviði alheimsmála og fengið mönnum margt að hugsa. Ef til vill er ofdirfskufullt að segja að við þessi áramót sé friðvænlegra um að litast í heiminum en verið hefur um nokkurt skeið, enda er kynslóð hins kalda stríðs tortryggin og marghvekt og trúir varlega, þótt teikn sjáist á lofti, sem virðast spá góðu. Engu að síður hefur því verið almennt fagnað, að margt hefur gerst á síðastliðnu ári, sem í svip hefur orðið til þess að slaka á strengdum taugum hins kalda stríðs milli valdabjóða heims og höfðingja þeirra. Í fornum spekimálum segir að hrísi vaxnir og háu grasi séu þeir vegir manna í milli, sem enginn treður. Með töluverðri vongleði hafa menn veitt því athygli að forustumenn fjölmennisþjóða hafa haft óvenjumikla tilburði á liðnu ári til að troða niður þvílíkan ónytjagrour. Þeir hafa farið í kynnisferðir hver til annars og skipst á vinmælum. Þá sætir það og miklum tíðindum, að alþýðulýðveldið í austri, með fjórðung mannkyns að baki sér, hefur sest á bekk með hinum sameinuðu þjóðum. Það munar um minna. Haldinn hefur verið góður undirbúningsfundur undir ráðstefnu um öryggismál Evrópu. Að ógleymsdu því sem einna mestan fögnuð hefur vakið hér á landi, að sáttargerð hefur verið staðfest milli Vestur- og Austur-Þýskalands. Það var athyglisvert að hér á landi fögnuðu allir glæsilegum kosningasigri þess manns sem er frumkvöðull og höfuðsmiður þessarar sáttargerðar, hvar í flokki sem þeir stóðu.

Menn höfðu bundið miklar vonir við allt þetta og margt fleira af stórtíðindum liðins árs, og gera það enn, þótt önnur tíðindi og dapurlegri hafi ekki látið sig vanta. Þess er skemmst að minnst að mörgum hafði virst hilla undir friðargerð í Víetnamstríðinu. Það átti að vera stærsta jólagjöfin. Það var þó ekki annað en grátleg tálvon. Enn einu sinni hafa kristnir menn haldið friðarhátíð sína við dyninn af sprengjunum sem falla austur þar. Það var átakanleg sönnun þess hversu mikið skortir enn á að friður sé á jörðu og velþóknun meðal manna. Sá forni draumur er enn býsna fjarlægur, en þó er enn sem fyrri betur dreymt en ódreymt, eins og fornkveðið er, og þrátt fyrir allt verður enn að vona að úr rætist, og þegar á allt er litið byrjar þetta ár á ýmsan hátt með meiri vonum og meira trausti til framtíðarinnar en verið hefur oft áður.

En um leið verður oss Íslendingum hugsað til þess að vér erum allt í einu komnir í einskona landamæratogstreitu. Það er framhald þess sem mest var hugsað og talað um í fyrra, þegar ver heilsuðum nýju ári. Það var þá orðið öllum ljóst að draga mundi til stórra tíðinda í sögu landsins á árinu 1972, þeirra að ekki yrði lengur beðið með að láta koma til framkvæmda gamla og yfirlýsta ákvörðun þjóðarinnar um að helga sér víðara hafsvæði kringum landið en vér höfum áður ráðið yfir. Sama markmið vakti fyrir öllum landsmönnum í þessu efni, þótt skoðanir hafi ef til vill verið eitthvað skiptar um leiðirnar að markinu, svo sem eðlilegt er þegar um flókið og vandasamt úrlausnarefni er að ræða. Einmitt þess vegna var það mikið fagnaðarefni þegar alþingismenn af öllum stjórnmálaflokkum komu sér

saman um ágreiningslausa ályktun um útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Af atburðum ársins 1972 hér á landi kynni sú samstaða að verða lengst í minnum höfð. Ekkert sigurvænlegra gat fylgt örlagaríki ákvörðun að heiman. Síðan hefur margt í skorist og vér erum mikilli reynslu ríkari. Fiskveiðilögsagan var færð út hinn 1. september. Auðsætt er nú, að það mun þurfa að taka á þolinmæðinni. En hvernig sem þessi mál skipast, hljótum vér að óska og vona á þessum nýjársdegi, að ekki rofni sú samstaða, sem allir stjórnmalaflokkar náðu sín í milli hinn 15. febrúar síðastliðinn, hvort heldur blítt eða strítt oss ber til handa á næstu mánuðum eða allan þann tíma, sem líða kann þangað til takmarki voru er náð. Með kappi og forsjá mun það nást, þannig er rétt mál rekið.

Í Darraðarljóðum standa þessi merkilegu og skáldlegu orð: Þeir munu lýðir löndum ráða, er útskaga áður um byggðu. Ef til vill hefur hinn forni maður ort betur en hann sjálfur vissi. Kannski var hann bara að segja að Norðmenn mundu brjótast til landa á eyjunum fyrir vestan haf. Þó eru það hans verðleikar að auðgert er að leggja miklu almennari skilning í orð hans. Þess eru dæmi í veraldarsögunni, að lítt þekktar þjóðir frá löndum sem kalla mætti útskaga, færast allt í einu í aukana, svo að hriktir í valdastólum þeirra sem höfðu áður jafnvel kallað sig herra heimsins. Ekkert væri þó fráleitara en að heimfæra eitthvað slíkt upp á oss Íslendinga, sem aldrei höfum ætlað oss að ráða löndum nema þessu eina, sem vér tókum ekki frá neinum, og því sem vér teljum réttilega eiga að fylgja því. Það er að segja, vér tókum það ekki frá neinum mönnum, en forfeður vorir tóku það frá Rán og Ægi og öðrum harðsnúnum náttúruvættum norðursins, tóku það í auðn og fjarska og gerðu að mannaústað. Það er þeirra sæmd og hrós og afrek, og síðan niðja þeirra að hafa haldið þar uppi mannabyggð og menningu fram á þennan dag, útverðir Evrópu í norðvestri. Og enn er það ætlun vor að halda áfram að byggja útskaga og teljum oss hafa náttúrlegan og sögulegan rétt til að nýta það bjargræði, sem honum heyrir. Landhelgi fyrri tíðar smáskipa, sem damlað var með ströndum fram, er fyrir löngu orðin eins og hver önnur rökleysa. Oss er nauðsyn að sjá hag vorum og lífi í þessu landi betur borgið, og það er skylda vor og ásetningur að varðveita náttúru landsins og þar með lífríki Íslandsmiða sjálfum oss og öðrum til farsældar. Það verður þáttur vor í hinni vistfræðilegu vakningu og endurreisn, sem ég sagði áður að kennd mundi verða við þessa öld.

En þó að vér byggjum útskaga, er ekki þar með sagt að vér viljum lifa í einangrun. Það er ekki hægt að vera einyrki meðal þjóða. Eins og allir aðrir hljótum vér að leggja stund á að vera „heimsins góðir borgarar“, eins og séra Björn í Sauðlauksdal kvað þegar hann var að rækta fyrstu kartöflurnar á Íslandi. Það merkir að vér viljum taka þátt í öllu góðu samstarfi þjóða, og það höfum vér sýnt í verki eftir því sem ástæður hafa leyft. En það liggur í hlutarins eðli, að af landfræðilegum og sögulegum ástæðum standa sumir oss nær en aðrir. Það er eðlilegt og æskilegt að geta rækt sem nánust menningar- og viðskiptasambönd við næstu nággranna vora. Hugur manna flýgur nú víða. Margir, og ekki síst ungir menn, eru tortryggir á hin gamalgrónu forustulönd og forréttindalönd bæði austan hafs og vestan. Áhugi þeirra og samúð beinist fast að baráttu og þróun hinna fátæku og fjölmennu þjóða, sem byggja önnur jarðarhvel. Þetta er eðlilegt og í fullu samræmi við vaxandi tilfinningu fyrir því, á öld hraða og fjarskipta og geimsiglinga, að jörðin sé ein og mannkynið eitt. Enn má vitna í gömlu vísuna. Þeir sem útskaga áður um byggðu, vanræktir og rændir, skulu fá sinn rétt. Kolbíturinn rís úr öskustó, og sjá, hann er maður og með mannsrétt eins og allir aðrir og getur ráðið og mun ráða löndum eins og hver annar. Það er engin furða þótt menn heillist af að horfa á þetta ævintýri

vorra tíma gerast og vilji eiga sinn hlut að því. En ekki ætti sá áhugi að þurfa að geta af sér áhugaleysi um næsta nágrenni vort. Vér Íslendingar höfum átt því láni að fagna að búa við vinsamlegt nágrenni þjóða, sem einnig standa oss næst að uppruna og menningarháttum. Það hefur í bili slest upp á venskapinn við tvær miklar þjóðir, sem vér höfum lengi haft náð samneyti við og eigum margt gott upp að inna. Fjarri sé mér að gera lítið úr alvöru þess ágreinings, en ekki kemur mér til hugar að þar dragi til vinslita til langframa. Aftur mun gróa um heilt þegar þessar gömlu vinþjóðir vorar eru tilbúnar að skilja rétt vörn og nauðsyn og draga af því réttar ályktanir í verki.

En þegar ég að þessu sinni nefni Ísland og nágrenni þess, er ég einkum að hugsa um Norðurlönd og samband vort og samstarf við þau og hugsa þá ekki síður til Færeyja og Grænlands en annarra Norðurlanda. Ég geri þetta svo sem í minningu þess að á síðastliðnu ári var minnst fimmtíu ára afmælis Norræna félagsins á Íslandi. Þjóðirnar í þessum löndum eru náttúrlega vinir vorir og samstarfsmenn, vegna menningarskyldleika, vegna nálægðar og þar með líkrar hnattstöðu, sem aftur veldur því að saman fara hagsmunir á ýmsan hátt, til dæmis að taka þeirra sem eiga sitt undir því að auðlegð fiskimiða í Norður-Atlantshafi verði varin til frambúðar. Samstaða norskra fiskimanna, Færeyinga og Grænlandinga við oss á þessu sviði hefur einmitt mjög greinilega látið á sér bera nú upp á síðkastið og búast má við að þar verði framhald á. Þessar þjóðir hafa eins og færst nær hver annarri. Málstaður vor á marga forsvarsmenn á Norðurlöndum, meðal annars sjálfan forseta Finnlands, og það ber vel að meta, þótt sumum þyki ríkisstjórnir frændþjóða vorra taka sér helst til góðan tíma til umhugsunar. En þar mun vera margt á að líta.

Annars er ekki því að leyna að stundum heyrst talað með lítilli virðingu um norræna samvinnu. Líklega stafa slík ummæli yfirleitt af ónógri þekkingu á því sem þessi samvinna hefur komið til leiðar á fjölmörgum sviðum og vér njótum góðs af, stundum án þess að vita það. Hitt er athyglisverðara, að sumir þeir sem mikinn áhuga hafa á norrænni samvinnu, bera einmitt nú nokkurn kvíðboga fyrir framgangi hennar á komandi tíð, vegna þess að ljóst er að Norðurlönd fara nokkuð hvert sína leið í utanríkis- og viðskiptamálum. Innganga Danmerkur í Efnahagsbandalag Evrópu hefur mjög vakið til umhugsunar um þetta. Reynslan á eftir að sýna hver áhrif þetta hefur, en margir munu vera þeirrar skoðunar, að norræn samvinna og samhygd ætti ekki að þurfa að bíða hnekkji. Það er hvort eð er fyrst og fremst um menningarlega og félagslega samvinnu að ræða. Norðurlönd eru menningarleg heild og eiga að halda fast saman í því efni til ávinnings fyrir alla. Og í þeirri heild eigum vér Íslendingar réttilega heima. Það væri illa farið, sem ef til vill er ekki örgrannt um, að tungumálagreining milli þessara þjóða fremur skerpið heldur en hitt. Sumum virðist, til dæmis hér á Íslandi og þó enn meira í Finnlandi, ekki fyrir það sverjandi, að ungu kynslóðinni finnist naumast ómaksins vert að læra skandinavískt mál til sæmilegrar hlítar og telji sér hagkvæmara að læra eitthvert heimsmál þeim mun betur, til dæmis ensku, sem nú sækir mjög fast á. Ég á bágð með að setta mig við að sú stund kunni að koma innan skamms, að menn af norrænu þjóðerni fari að telja það sjálfsagðan hlut að talast við og skrifast á á einhverju heimsmáli, enda mun vonandi ekki svo verða. Þá gæti svo farið að vér glötuðum fleira sem verið hefur oss sameiginlegt og snar þáttur í allri sögu vorri frá upphafi, með öllu því sem það felur í sér fyrir þjóðmenningu vora.

Tólf eru á ári tunglin grein. Það er satt og víst, þau fara greitt yfir. Um áramót verður manni hugsað til þess hvernig tíminn líður. Hann stíkar stórum, og á göngu sinni hefur hann á þessum síðustu tólf mánuðum eins og endranær hrifið brott úr

hópi vorum marga þá sem með oss heilsuðu nýju ári í fyrra. Vér minnumst þeirra allra nú. Vér minnumst þess manns, sem í sextán ár flutti þjóðinni nýjárskveðjur af þessum stóli, herra Ásgeirs Ásgeirssonar fyrrverandi forseta landsins. Vér blessum minningu hans og allra annarra sem safnast hafa til feðra sinna.

Og nú höldum vér til móts við hið nýja ár, til móts við erfiðleikana og gleðina, hið súra og hið sæta, sem það mun bera í skauti sínu. Ég sendi kveðju mína til ykkar allra. Vér tölum nú mikið um hafsvæðin umhverfis landið. Þau eiga að vera bjargarlind vor. Ég leyfi mér að þessu sinni að senda sjómönnum sérstaka kveðju. Á þeim mæðir mest, ef oss á að nýtast sú lind. Þeir draga björgina í búið og þeir verja miðin. Hugur vor allra, sem í landi sitjum, fylgir þeim sem hlotið hafa það vandasama og hættulega hlutskipti. Megi hamingja vera með í starfi þeirra.

Sem lokaorð og eins konar einkunnarorð við upphaf þessa árs vildi ég velja þetta erindi eftir Jón Helgason:

Við hliðið mitt ég heimanbúinn stand,
á himni ljómar dagsins gullna rönd,
sú gjöf mér væri gleðilegust send
að góður vinnudagur færi í hönd.

Sæll er hver sá sem getur fagnað nýjum degi eða nýju ári með þvílíku hugarfari. Ég veit að verkin, sem vinna þarf, eru mörg og misjöfn og bjóða ekki öll á sama hátt upp á skemmtilegan vinnudag. Engu að síður vildi ég óska hverjum og einum þess, að hann mætti finna gleði og fullnægju í starfi sínu, og ekki síður í þeim mörgu stundum og dögum, sem menn eiga nú að geta ráðið yfir til að sinna hugðarefnum sínum utan daglegs starfs. Hvort tveggja verður með nokkrum rétti kallað vinna, athöfn þörf. Og vinnan er guðs dýrð, segir skáld vort. Starfandi og skapandi er maðurinn fegurstur og um leið hamingjusamastur.

Gleðilegt nýjár.